

2005040005

4200; 9310

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason, bæjartæknifræðingur
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1, Pósthólf 56
400 ÍSAFJÖRÐUR

Reykjavík, 10. júní 2005

/--

Efni: Snjóflóðavarnir í Holtahverfi á Ísafirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Ísafjarðabæjar að matsáætlun um snjóflóðavarnir í Holtahverfi á Ísafirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Ísafjarðabæjar dags. 20. apríl 2005 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Ísafjarðarbær. Snjóflóðavarnir í Holtahverfi, Ísafjarðarbæ. Tækniþjónusta Vestfjarða. Apríl 2005.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 17. maí 2005, Byggðastofnun með bréfi dags. 9. maí 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. maí 2005, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti dags. 17. maí 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. júní 2005 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 2. maí 2005. Athugasemdir bárust frá Lögsýn ehf fyrir hönd stjórna húsfélaga að Stórholti 7 og 9 á Ísafirði með bréfi dags. 6. maí 2005 og Geir Sigurðssyni og Guðmundi Kristjánssyni með bréfi dags. 9. maí 2005. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 19. og 23. maí og 8. júní 2005.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu Ísafjarðarbæjar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Ísafjarðarbæjar dags. 19. og 23. maí og 8. júní 2005 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í köflum 1.4 og 2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um tilgang fyrirhugaðra framkvæmda. Í matsskýrslu þarf að koma fram hvaða staðaráhætta eigi að nást í Holtahverfi, sbr. 22. gr og 11. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, með byggingu fyrirhugaðra varnarmannvirkja miðað við umfang og fyrirkomulag þeirra eins og það er kynnt í matsskýrslu.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um valkosti. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla um aðra valkosti á útfærslu og fyrirkomulagi varnarmannvirkja sem skoðaðir hafi verið og uppfylla markmið fyrirhugaðra framkvæmda.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.2.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um breytingar á ásýnd svæðisins með tilkomu snjóflóðamannvirkja. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að vera sérstakur kafli þar sem fjallað er um landslag og sjónræn áhrif snjóflóðamannvirkja. Val sjónarhorna þarf að taka mið af því að þær breytingar sem verða á ásýnd svæðisins með tilkomu mannvirkjanna komi sem gleggst fram bæði í nánd og fjarlægð. Í því sambandi þarf að sýna sjónræn áhrif varnargarðsins frá íbúðarbyggð sem er næst honum.

Í kafla 4.2.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um snjósöfnun. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í matsskýrslu þurfi að koma fram mat á áhrifum varnargarðs á snjósöfnun í nágrenni garðsins, þ.e. hvers konar breytingum megi búast við á snjósöfnun við þann hluta garðsins sem snýr að íbúðarbyggð, einkum í ljósi nálægðar hans við byggðina. Jafnframt þarf að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir sem miða að því að draga úr aukinni snjósöfnun með tilkomu garðsins.

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um afmörkun framkvæmdasvæðis og í kafla 5.2 kemur fram að hljóðvist á framkvæmdatíma sé einn af þeim þáttum sem áhersla verður lögð á að lýsa í matsskýrslu ásamt mótvægisáðgerðum. Í ljósi nálægðar við íbúðarbyggð telur Skipulagsstofnun mikilvægt að í matsskýrslu komi skýrt fram hvert verði umfang fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og með hvaða hætti það verði afmarkað eða lokað. Jafnframt þarf að fjalla í matsskýrslu um þær áðgerðir og fyrirkomulag við framkvæmdir sem miða að því að lágmarka eins og kostur er ónæði á framkvæmdartíma, m.a. takmarkanir á lengd vinnutíma. Þá telur Skipulagsstofnun að í matsskýrslu þurfi í kafla um samfélagsleg áhrif að fjalla um jarðrask vegna framkvæmda við varnargarð á nærliggjandi lóðum og meta þurfi hugsanleg áhrif úrrennslis úr garðinum á lóðir.

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.8, er fjallað um samfélagsleg áhrif. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir og leggja mat á það hlutverk fyrirhugaðra snjóflóðamannvirkja að koma í veg fyrir röskun á íbúa-, atvinnu- og samgöngumannvirkjum og að hve miklu leyti talið sé að fyrirhugaðar framkvæmdir stuðli að auknu öryggi íbúa eins og

fram kemur í umsögn Byggðastofnunar.

Kynning og samráð

Í kafla 5.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kynningu og samráð. Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir kynningarfundum sem haldinn var þann 18. maí 2005 og helstu atriðum sem voru til umræðu á fundinum og þá hvernig tekið hafi verið tillit til þeirra viðhorfa, sem fram komu á fundinum, í vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt þarf í matsskýrslu almennt að greina frá afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina sbr. tl 4 í 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Ísafjarðarbær, Byggðastofnun, Guðmundur Guðmundsson, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Tómas Jóhannesson, Tækniþjónusta Vestfjarða, Gísli Gunnlaugsson, Lögsýn ehf., Birgir Jóhannesson, Geir Sigurðsson og Guðmundur Kristjánsson